

Borgarbyggð  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes

Reykjavík 3.september 2018  
UST201806-334/K.S.J.  
10.04.02

**Efni: Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010 - 2022 - Iðunnarstaðir -  
Lundarreykjadalur**

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar er barst 26. júní sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022 í landi Iðunnarstaða í Lundarreykjadal.

Í erindinu kemur fram að í breytingunni felst að landnotkun svæðis í landi Iðunnarstaða breytist úr svæði fyrir landbúnaði í svæði fyrir verslun og þjónustu og opið svæði til sérstakra nota.

**Skipulagssvæðið**


Í lýsingu kemur fram að svæðið er breytingartillagan nær til er 4,2 ha að stærð og mun svæði fyrir verslun og þjónustu áætlað alls 1,6 ha og þar er gert ráð fyrir hótel, og opið svæði til sérstakra nota er áætlað 2,6 ha sem er fyrirhugað fyrir tjaldsvæði. Einnig kemur fram að á skipulagssvæðinu er mikið um holt og mela og mólendi á milli.

Á skipulagssvæðinu eru ekki svæði á náttúrumuinjaskrá og ekki svæði er njóta sérstakrar verndar skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Rakel S. Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur